

Til skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu VR.

Athugasemdir varðandi nýjan veg um botn Berufjarðar.

MÓTT - 6 JAN. 2011

Undirritaður mælir með veglínu sem næst veglínu Q eða Z enda verði tryggð eðlileg vatnsskipti milli flóðs og fjöru.

Tel að með því megi komast að mestu hjá breytingum á fuglalífi og ekki síður varðandi landnýtingu vegna hefðbundins búskapar sem stundaður hefur verið um aldir á jörðinni.

Mat undirritaðs er að veglínur W, X, Y séu mjög óásættanlegar hvað varðar fuglalíf, fiska og landbúnað.

Veglínan ætti því að liggja eins utarlega (þ.e. eins djúpt) og VR. telur mögulegt, og þar með stytta leiðir austur á firði sem mest.

Um malarnámur sem merktar eru á uppdráttum frá Vr. er ólíklegt að þær verði allar samþykktar af landeigendum. Hæpið er að ráðast í, að mestu gróið land til efnistöku, annað gildir um framburð úr lækjum sem ekki eru fiskgengir

Óskar Gunnlaugsson

Óskar Gunnlaugsson

Sigurros S. Jónasdóttir

Sigurros Soffía Jónasdóttir

Undirritaðir eru ábúendur og eigendur að meirihluta lands Berufjarðar.

Berufirði 04.01.2011

Til skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu VR.

Athugasemdir varðandi svonefndan Axarveg

Undirritaður mælir sem fyrr með veglínu C inn Berufjarðardal, með nokkrum breytingum. Til dæmis að ekki verði farið yfir bæjartóftir á Árnúsum enda er þar auðvelt að hnika veglínunni til, en það myndi minnka fyllingar og sprengingar yrðu ekki meiri.

Það sem veldur því að ábúendur mæla með þeirri leið er eftirfarandi:

Leið C sker ekki eins illa landið og aðrar leiðir það er A, E og F en þær skipta beitolandi illa og hafa mjög mikil hindrunaráhrif gagnvart búfé og fara þar að auki yfir nánast eina kjarr- og votlendi sem til er í landareigninni.

Leið C liggur óháð Berufjarðará á viðkvæmasta svæðinu fyrir fiskgengd. Brú á þeirri leið verður byggð á gljúfri í nokkuri hæð yfir vatnsborði árinna eða um 20 metrum. Vegagerð ríkisins á svo eftir að útfæra þessa leið endanlega.

Í matsskýrslu VR. er því haldið fram að nýr vegur það er veglína A hafi lítil áhrif á landnotkun enda liggur vegur þar fyrir. Hið rétta er að nýr vegur sker gömlu leiðina á nokkrum stöðum en liggur annars víðs fjarri.


Í skýrslu VR. kemur einnig fram að veglína C liggur of nálægt fálkahreiðri sem á að vera í suðurhlíðum Berufjarðardals .

Þar hefur þó ekki sést til fálka í marga áratugi.


Læt hér fylgja með yfirlýsingar um sama efni og sendar voru VR. árið 2008 frá landeigendum Berufjarðar.

Í heild eru landeigendur á móti fyrirhugaðri vegagerð, telja of miklu fórnað fyrir fjallveg sem liggur í yfir 500 metra hæð yfir sjávarmáli.

Ef svo ólíklega vildi til að ráðist yrði í þetta verkefni er atriði að verkinu ljúki á sem styðstum tíma vegna ónæðis og óþæginda af framkvæmdum.



Óskar Gunnlaugsson



Sigurrós Soffía Jónasdóttir

Undirritaðir eru ábúendur og eigendur að meirihluta lands Berufjarðar.

Axarvegur 939 milli Hringveggar í Skriðdal og Berufirði.

Umsögn um tillögu að matsáætlun á Axarvegi, hvað varðar legu hans í landi Berufjarðar. Sent út í janúar 2008:

Veglína A sem Vegagerðin nefnir svo, er gróf aðgerð hvað varðar landspjöll og röskun á landslagi. Einnig er á þessari leið ein mesta snjósöfnun sem finnst í botni Berufjarðardals.

Huga þarf betur að leið sunnan ár eins langt og komist verður og jafnvel alla leið.

Beit fyrir búfé bænda í Berufirði er að stórum hluta austan ár. Veglína A sker það land í tvennt og yrði það minna virði eftir framkvæmdina.

Land sunnan ár er ekki eins verðmætt hvað þetta varðar. Snjósöfnun þar yrði óveruleg miðað við veglínu A.

Leið A liggur gegnum helsta birkikjarrið í dalnum. Gera þarf ráð fyrir undirgöngum fyrir búfé á nokkrum stöðum, einkum ef leið A verður farin.

Ábending til Vegagerðarinnar og áhrifamanna samgöngumála:

Frestið lagningu heilsársveggar um Öxi þar til heilstæð samgönguáætlun fyrir Austurland liggur fyrir, sem allar viðkomandi sveitastjórnir samþykki. Ef þá þykir fýsilegur kostur að leggja heilsársveg um Öxi, væru landeigendur fúsari til viðræðna um hinn umdeilda Axarveg.

Einnig má hér benda á að besti kostur vegalagningar á umræddri leið eru jarðgöng að hluta t.d. frá Vagnabrekku að Öxarárnesi.

Liður 1.6. Þar er sagt að Vegagerðin hafi hafnað öðrum kostum og því aðeins einn kostur sýndur þ.e. veglína A.

Þessu er mótmælt og bent aftur á veglínu sunnan ár.

Liður 2.1. Um Berufjarðará segir að veiðirétt eigi tvær jarðir, Berufjörður og Melshorn:

Berufjörður á einn veiðirétt, sjá Hæstaréttardóm í desember 2007.

Liður 2.3. Landeigendur og landnotkun: Þar er sagt, Melshorn á beitaland, tún og silungsveiði.

Hið rétta er að Melshorn á 25 ha ræktarland afgirt og beitarrétt í óskiptu landi, en enga silungsveiði.

Liður 4.1.8. Jarðfræði:

Ekki er minnst á að leið A er í suðvesturenda Breiðdalseldstöðvar, sem er vel þekkt í jarðfræðinni og hefur verið skoðað að vernda hana sem þjóðgarð.

Liður 4.1.11. Náttúruvá getur verið undir Kjalfjalli eins og veglína A er sýnd.

Fyrir hönd landeiganda:

Berufirði 07.07.08

Vegna matsáætlunar á Axarvegi.

Það skal tekið fram að veglína A á Axarvegi liggur í gegnum aðalbeitland sauðfjár og þar mun engri skepnu vært á framkvæmdatíma. Einnig er svæðið tilvalið fyrir sumarhúsabyggð. Í lið 5.3. athugasemdir við drög að að matsáætlun Axarvegar kemur fram hjá sveitastjórn Djúpavogshrepps að veglína A hafi ekki áhrif á náttúru svæðisins, hvorki beitolönd né sjónræn áhrif. Einnig kemur fram hjá bæjarstjóra Hornafjarðar að núverandi vegstæði haldi sér að mestu og áhrifin verði því minni háttar. Beitolönd verði ekki fyrir áhrifum enda liggi leiðin að stærstum hluta um urðir og ógróin lönd.

Þessu mótmæla undirritaðir landeigendur. Veglína A sker að vísu núverandi veg á nokkrum stöðum en á best grónu svæðum er vegl. A víðs fjarri. Um sjónræn áhrif þarf ekki að fjölyrða en þau verða mikil

Um vegl nr:

- A. Óásættanleg
- B. Fráleit
- C. Er athyglisverð með nokkrum breytingum, án tillits til snjósögunar austan ár.


Um veglínu í botni Berufjarðar: Í stórum dráttum eru landeigendur ekki mótfallnir þeim hugmyndum sem vegagerðin setur fram.

Óskar Gunnlaugsson

Bragi Gunnlaugsson

Baldur Gunnlaugsson

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Ég undirritaður geri hér með eftirfarandi athugasemdir við lagningu vegar um Öxi og hringvegur fyrir botn Berufjarðar:

- 1) Veglína A frá hringvegi í Berufirði að Vagnabrekku ásamt veglínunum E og F eru með engu móti ásættanlegar, einkum vegna mikillar röskunar á landi og hættu á grjóthruni og flóðum á kafla vegarins.
- 2) Veglína C er ásættanleg með tveimur verulegum breytingum:
 - a) Í fyrsta lagi þyrfti að færa veglínuna ofar í Árnhusaklifi þar sem hún liggur yfir tóftum og forleifum og einnig er klifið lægra ofar þar sem raflína liggur.
 - b) Í öðru lagi þyrfti að færa veglínuna lengra inn eftir dalbotninum milli Háöldu og Vagnabrekku með mýkri beygjum upp í Vagnabrekkuna til að losna við krappa hárnálabeygju utan við Háöldu.
- 3) Veglínur fyrir botn Berufjarðar merktar Q, X og Z eru ekki ásættanlegar vegna legu um leirur.
- 4) Veglína W er óæskileg vegna legu um tún og einnig er hún komin nokkuð nálægt bæjum.
- 5) Veglína Y er allgóð með lítilsháttar breytingum.

Að síðustu óska ég eftir að veghönnuðir fari í vettvangskonun með landeigendum og skoði staðhætti þar sem fyrirhugað er að leggja veginn. Tel ég að það gæti borið meiri árangur en að liggja yfir kortum.

Djúpavogi, 05. janúar 2011

Baldur Gunnlaugsson
Kt. 030247-3299
Borgargarði 3
765 Djúpavogi

Berufirsti 4. jan 2011

Hér koma athugasemdir okkar við frummatsstjórn
 á umhverfisáhrifum Þarvegjar og Hringvegjar um
 Berufjartarbotn. Þar er þá fyrst til at taka at
 okkur list illa á veglinu W og finnst hún ekki
 koma til greina, vegna þess hvar hún liggur
 langa leið um túnir og svo er hún of nálæg
 íbúðar húsum í Berufirsti I og II. Veglinur
 Y og X finnst okkur at raska muni fjörum
 allt of mikið netan hins í Berufirsti at þar
 komi naumast til álita. Við teljum því línu C
 þá skástu ef tryggð verða full vatnsskipti á
 Leirummi með brú og góðu rasi innan við
 Hátarreyri. Hvat verður Þarveglínur list okkur
 best veglinu C með nokkrum breytingum
 þá fyrst og fremst at fara upp á Þorshúsaklipið
 nokkuð ofar en sjnt er á myndinni og skemmir
 þá vegurinn ekki töfðir Þorhúsa at eiga alla.
 Eg (Þoragi) hef best um at fá at ganga þessa
 leið með mami eta mönnum frá Vegagerðinni
 þessa leið og sjna þeim leið þessa og vorum
 vit at við þessu verði orðið og vorum vit
 at veglína þessi hugnis þeim vel sem hana
 ganga. Þessa leið veglinu C teljum vit at hægt
 sé at fara inn í Dalbotninum án þess at fara
 í hárnálarbeyjuna utan við Fálkagil og væri
 þat raunar mikið slys ef því gili og umhverfi
 þess yrði raskað. Við teljum at hægt sé at
 leggja veg frá Háöldu og inn at Hmru með
 ríkhum halla án þess at fara íb at Fálkagili

Fylgiskjal 27

Steinþór Björnsson
<hvannabrekka@gmail.com>

06.01.2011 13:06

To jakob@skipulag.is
cc
Subje Vegna vegafraemkvæmda um Axarveg, hringvegur í skriðdal og hringvegur
ct um Berufjarðarbotn.

Góðan daginn

Við ábúendur og eigendur Hvannabrekku í Berufiði Steinþór og Auðbjörg viljum láta koma fram þessar ath.semdir. vegna framkvæmda á Axarveg, hringvegur í skriðdal og hringvegur um Berufjarðarbotn.

Fyrst og fremst viljum við láta koma fram að lína z henti okkur best og verðum við fyrir minnstu tjóni ef hún verður valin.

Nám A-17 sem er í Skálhóll er engan veginn ásættanleg að okkar mati.

sm 215-053 Varða tilheyrir ekki landamerkjum og landarmerkjalínan er ekki á réttum stað.

sm 215-054 Garðlag óþekkt er sem sagt grjót sem týnt hefur verið úr túni um árið 1983.

--

Virðingarfyllst

*Steinþór Björnsson og Auðbjörg Stefánsdóttir
Hvannabekku
765 Djúpivogur
gsm:8602162*

MÓT - 6 JAN. 2011
Málnr.

Hornafirði 3.janúar 2011

Athugasemdir vegna vegalagningar um Berufjarðarbotn og Öxi.

Varðandi veg um Berufjarðarbotn telur undirritaður að leið Z sé álitlegust með þeim breitingum að hún tengist vegi sunnan fjarðar eins og leið Q gerir. Galli er að ekki skuli vera búið að teikna heimreið að bænum Berufirði.

Varðandi veg um Öxi er leið C ásættanlegust með lagfæringum. Leið A er algjörlega óásættanleg þar sem hún fer yfir stóran hluta af því svæði sem kjarrivaxið er í dalnum einnig klífur hún beitaland og spillir því verulega. Enn fremur liggur hún þar hættu er á snjósöfnun. Eftir að leiðir A,C,E sameinast geri ég ekki athugasemdir með vegstæði


Undirritaður er einn af eigendum Berufjarðar

Björn Gunnlaugsson Sunnubraut 6 780 Hornafirði

Björn Gunnlaugsson



Skipulagsstofnun
Laugarvegi 166
150 Reykjavík
v / frummatsskýrslu



Fjarðabyggð, 05. janúar 2011
Tilvísun 1012182/0

Athugasemdir við frummatsskýrslu fyrir Axarveg, Hringveg í Skriðdal og Hringveg um Berufjarðarbotn.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd Fjarðabyggðar tók málið fyrir á fundi sínum, þann 3. janúar síðastliðin, þar sem eftirfarandi var bókað:

„Farið yfir frummatsskýrslu vegna Axarvegar, hringsvegs í Skriðdal og hringsvegs um Berufjarðarbotn. Athugasemdarfrestur vegna skýrslunnar er til 7. janúar 2011. Málið rætt og sviðstjóra falið að koma áherslum nefndarinnar til skipulagsstofnunnar.“

Hér að neðan er helstu áherslur / athugasemdir sem nefndin vill koma á framfæri.

Umferðarkönnun.

Umferðarkönnun náði ekki til umferðar eftir kl 23:00 en megin umferð þungaflutninga fer fram að næturlagi, og því vantar þá umferð alveg inn í jöfnuna. Miðað við vitnisburð flutningafyrirtækja á Austurlandi fer yfir 95% af öllum þungaflutningum um firði og ólíklegt að nýr vegur um Öxi breyti nokkru þar um. Þessu til stuðnings má benda á síðu 14 í umferðarkönnuninni þar sem fjöldi þungra bifreiða nær ekki 2% en það er mun minna en ætla mætti á þessum tíma árs, þegar aðföng og flutningar inn á Austurlandið eru í hámarki. Hæpið er að reikna með því að 90% þeirra sem leið eiga um þessi vegamót, kjósi að aka Axarveg þó að hann væri uppbyggður eins og gert er í skýrslunni. Þessi útreikningur er byggður á umferðarkönnun sem framkvæmd var við vegamótin fimmtudaginn 17. júlí og laugardaginn 19 júlí. Nær 80% ökumanna eru í sumarleyfi og innan við 20% fara veginn oftar en mánaðarlega. Einnig eru um 50% af ökumönnum erlendir og breytir það miklu um endanlega útreikninga þessa móðels. Mun eðlilegra hefði verið að reikna með því að 50% vegfarenda myndi velja styttri leið og taka þar með tillit til áður nefndra þátta. Í eftirmála umferðarkönnunar (bls. 18) er bent á marga óvissuþætti sem gerir könnunina óáreiðanlegri en ella, og full ástæða er til að taka það til athugunar.

- **Nefndin leggur áherslu á að farið verði í mun umfangsmeiri umferðakönnun til að fá sem réttasta sýn á það hvernig umferð er um svæðið.**

**Val á veglínu um Berufjarðarbotn.**

Í skýrslu um lífríki og fjöru í Berufirði er ekkert sem mælir gegn því að styðsta mögulega leið sé farin, en er það stytting uppá rúma 4 km. Hámarksstytting um Berufjarðarbotn ætti hér að vera markmið. Niðurstaða könnunar leirunnar eru á þá leið að lífríkið á leirunni sé fremur fábreytt og engar sjaldgæfar tegundir dýra eða þörungna fundust á svæðinu, né heldur tegundir sem ástæða þykir til að vernda.

Jafnframt ætti við val á veglínu að velja styðstu mögulegu leið ÁDU um gatnamótin er samkvæmt umferðarkönnun 216 bílar, en samkvæmt heimsíðu Vegagerðarinnar fara 177 bílar um teljara sunnan Axarvegamóta, en 228 norðan vegamóta. Sé miðað við að um 200 bílar keyri Berufjarðarbotn á degi hverjum að jafnaði og aki áfram út Berufjörð er styðsta leið að spara um 800 km á degi hverjum eða sem samsvarar 292.000 km. á ári. Ef notaðar eru áætlanir um 70 ádu um Berufjörð er mesta stytting að spara 102.000 km á ári. Að mati nefndarmanna er sú áætlun er þó fjarri lagi, umferð um Berufjörð er mun meiri (ÁDU um Streiti eru 187 bílar.) Það eru því mikil og sterk rök fyrir því að fara styðstu leið með þennan veg.

- *Nefndin leggur áherslu á að valin verði sú leið um Berufjarðarbotn sem feli í sér mestu styttingu á þjóðveginum um firði, enda hafi það engin áhrif á vegalengd um Öxi.*

Hönnun gatnamóta.

Mat nefndarinnar er að ákaflega hæpið sé að reikna með mikilli minnkun umferðar um norðanverðan Berufjörð, í kjölfar Axarvegur. Því skuli gera ráð fyrir því að umferð verði áfram meiri um Berufjörð og má benda á vafaatriði í umferðarkönnuninni því til stuðnings, því eiga gatnamót að taka mið af og með tilliti til umferðaröryggis og þungaflutninga sem eru að mestu um friði.

- *Nefndin leggur áherslu á að vegur um firði verði í forgangi og að valinn verði veglína þar sem Axarvegur komi inn á þjóðveg um firði, eins og til dæmis veglína Q gerir ráð fyrir.*

Samanburður valkosta

Mat nefndarinnar er að gera ætti samanburð á leið um firði og nýja Axarveg, þar sem farið væri yfir umferðaröryggismál og kostnað, þ.e. hvað kostar að lafæra hvora leið fyrir sig, þannig að báðar leiðir uppfylli nútíma kröfu til öryggismála.

- *Nefndin leggur áherslu á gerður verði samanburður á leið um firði og öxi, þar sem sérstaklega verði horft til umferðaröryggis*



Jóhann Eðvald Benediktsson